

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2011

2011/EES/43/08

frá 20. maí 2011

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/164/EB frá 21. desember 2007 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar „ferðahamlað fólk“ í almenna samevrópska járnbrautakerfinu og samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 371 (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/861/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37m. **32008 D 0164**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/164/EB frá 21. desember 2007 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar „ferðahamlað fólk“ í almenna samevrópska járnbrautakerfinu og samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu (Stjtið. ESB L 64, 7.3.2008, bls. 72).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lok liðar 7.4.1.2 (bil milli lestar og brautarpalls) í viðaukanum:

Noregur „P“

$$b_{q0(innan\ \dot{a})} = 1670 + \frac{41000}{R}$$

$$b_{q0(utan\ \dot{a})} = 1670 + \frac{31000}{R}$$

“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/164/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 64, 7.3.2008, bls. 72.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.